



Reglur um framlög og styrki vegna endurmenntunar starfsmanna grunnskóla Akraness

1. Bæjarstjórn Akraness tekur árlega ákvörðun í fjárhagsáætlun kaupstaðarins um framlag í sjóð vegna endurmenntunar starfsmanna grunnskóla Akraness. Sú fjárhæð sem ákveðin er skal að jafnaði miða við að um 15% fjárhæðarinnar renni til sameiginlegra verkefna, en að öðru leyti að jöfnu til verkefna í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.
2. Sviðsstjóri menningar- og fræðslusviðs og skólastjórar Brekkubæjar- og Grundskóla hafa umsjón með ráðstöfun fjár samkvæmt reglum þessum. Þeir taka ákvörðun um verkefni og beiðnir sem lúta að námskeiðahaldi, kostnaði vegna námskeiða og ferðastyrkjum innan þess ramma sem fjárhagsáætlun og reglur þessar kveða á um. Til grundvallar úthlutunum skal leggja endurmenntunaráætlanir skólanna og þær áherslur sem skólayfirvöld leggja varðandi fræðslu starfsmanna. Í desembermánuði ár hvert skulu umsjónarmenn sjóðsins skila bæjarráði uppgjöri og skýrslu um þau verkefni sem samþykkt hafa verið.
3. Heimildir til ráðstöfunar fjármuna og styrkja eða framlaga eru þessar:
 - a. Kostnaður vegna námskeiðahalds og endurmenntunar starfsmanna grunnskólanna sem beint tengist starfsemi skólanna í samræmi við endurmenntunaráætlanir skólanna.
 - b. Framlag vegna utanlandsferðar starfsmanns eða starfsmanna að ósk skólastjóra vegna viðurkenndra námskeiða, ráðstefna eða annars sem talið er að sé mikilvægt vegna starfsemi skólanna. Hámarks tímalengd ferðar skal þó ekki fara yfir eina viku og heldur starfsmaður óskertum launum þann tíma og fær greiddan ferðaskostnað samkvæmt samkomulagi við skólastjóra grunnskólanna hverju sinni.
 - c. Framlag allt að kr. 30.000 á starfsmann vegna beiðni hans um greiðslu kostnaðar vegna námskeiðs innanlands eða erlendis sem skólastjóri metur að gagnist viðkomandi í starfi hans.
4. Þegar námskeið, ferðir eða önnur endurmenntun starfsmanna grunnskólanna er skipulögð skal það haft að leiðarljósi að slíkt falli eins og kostur er utan hefðbundis vinnutíma kennara. Falli endurmenntun innan kennslutíma skólanna og nauðsynlegt er að útvega afleysingu vegna fjarveru viðkomandi skal slíkt ekki leiða til viðbótarkostnaðar skólanna nema skólastjóri og sviðsstjóri menningar- og fræðsluviðs séu sammála um að slíkt sé óhjákvæmilegt, enda sé slíkur kostnaður innan ramma fjárhagsáætlunar skólanna.






Akraneskaupstaður

5. Í janúarmánuði ár hvert skal liggja fyrir endurmenntunaráætlun skólanna og helstu verkefni sem gert er ráð fyrir að verja fjármunum til. Einnig skulu skólastjórar grunnskólanna kynna reglur þessar fyrir starfsmönnum skólanna og gefa þeim kost á að sækja formlega um framlög til verkefna.

**Þannig samþykkt á fundi bæjarráðs Akraness 5. febrúar 2004
og staðfest á fundi bæjarstjórnar Akraness 10. febrúar 2004.**

Akranesi, 10. febrúar 2004.


Gísli Gíslason, bæjarstjóri

